



Til: ina@hunathing.is

Efni: Re: Fw: Umsagnarbeiðni - Breyting á aðalskipulagi vegna breyttrar legu Vatnsnesvegjar

Upplýsingar:

Sent: 01.06.2018 15:23:04 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018040036, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018040036

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Húnaþingi vestra, dags. 24. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-20126. Breytingin felst í breyttri veglínu á 700 m kafla, af í alls 1,8 km veglínu, við bæinn Tjörn á Vatnsnesi. Framkvæmdin felur einnig í sér nýtt brúarstæði yfir Tjarnará, ásamt fjórum nýjum efnistökusvæðum. Vegna umfangs efnistöku fellur framkvæmdin undir lög um mat á umhverfisáhrifum þ.e. B flokk skv. lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra. Engar þekktar náttúruminjar eru á þeim kafla þar sem breytingar verða á veglínunni eða á efnistökusvæðum en væntanlega verður betur gert grein fyrir þeim skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum sbr. t.d. ábendingar Náttúrufræðistofnunar, vegna skipulags- og matslýsingar, um notkun vistgerðakorts. Í tillögunni er gert grein fyrir þeim umhverfis- og náttúrufarsþáttum sem hugsanlega verða fyrir áhrifum og einnig mótvægisáðgerðum sem eiga að draga úr umhverfisáhrifum s.s vegna nýrrar brúar og efnistökusvæða.

Vegna staðsetningu og umfangs framkvæmdarinnar, náttúrufars á viðkomandi svæðum og að teknu tilliti til ákvörðunar um matsskyldu, sem getur haft áhrif á skipulagið, sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við framangreinda tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS

Dags: 24.04.2018 11:52:55

Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS

Efni: Fw: Umsagnarbeiðni - Breyting á aðalskipulagi vegna breyttrar legu Vatnsnesvegjar

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 24.04.2018 11:52 -----

From: Ína B. Ársælsdóttir <ina@hunathing.is>

To: 'Skipulagsstofnun' <skipulag@skipulag.is>, "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>, "upplýsingar@ferdamalastofa.is" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>, "Sigurjon (sigurjon@hnv.is)" <sigurjon@hnv.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>

Cc: Guðný Hrund Karlsdóttir <gudny@hunathing.is>, "skipulagsfulltrúi@hunathing.is" <skipulagsfulltrui@hunathing.is>

Date: 24.04.2018 11:52

Subject: Umsagnarbeiðni - Breyting á aðalskipulagi vegna breyttrar legu Vatnsnesvegjar

Góðan dag, berist til þess er málið varðar.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 vegna breyttrar legu á Vatnsnesvegi nr. 711 ásamt nýjum efnistökusvæðum

Sveitarstjórn Húnaþings vestra auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í breyttri veglínu á um 700 m. kafla við bæinn Tjörn á Vatnsnesi, í heildina er vegaf framkvæmdin um 1,8 km og að hluta til í sama vegstæði. Framkvæmdin felur í sér nýtt brúarstæði yfir Tjarnará, ásamt nýjum efnistökusvæðum.

Breytingartillagan verður til sýnis í Ráðhúsi Húnaþings vestra frá og með þriðjudeginum 24. apríl til þriðjudagsins 5. júní 2018 og hjá Skipulagsstofnun, Laugarvegi 166, Reykjavík. Tillagan, uppdráttur og greinagerð er einnig til sýnis á heimasíðu Húnaþings vestra www.hunathing.is

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana er hér með óskað eftir umsögnum um ofangreinda tillögu, sem skulu berast í síðasta lagi þann 5. júní 2018 á netfangið skrifstofa@hunathing.is eða á heimilisfangið;

Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga

Húnaþing vestra, 24. apríl 2018

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Bestu kveðjur

Ína Björk

*Ína Björk Ársælsdóttir
Umhverfisstjóri Húnaþings vestra
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstanga*